

Áherslur 2027

- Viðhald á Birkimelsskóla
 - Gera þarf úttekt á því hvað þarf að laga svo hægt sé að meta kostnað við lagfæringar.
 - Nauðsynlegt er að fara í stefnumótun fyrir notkun á húsinu þannig að framtíðarnot verði skýr og hvað þurfi að gera til að þau verði möguleg.
 - Ekki er verið að hugsa um kostnaðarsama skýrslu verkfræðistofu heldur úttekt frá iðnaðarmönnum þar sem kæmi fram yfirlit yfir verkþætti sem þarf að fara í svo húsinu verði forðað frá frekari skemmdum.
- Brunavarnir í dreifbýli
 - Tryggt verði fjármagn til eldvarnareftirlits
 - Gerð neyðaráætlunar fyrir dreifbýli í samstarfi við íbúa og slökkvilið svo sem með kortlagningu á vatnstökustöðum.
- Opnun leikskóladeildar á Barðaströnd
 - Foreldrar á Barðaströnd óska eftir því að opnuð verði leikskóladeild sem gæti starfað undir stjórn leikskólastjóra á Patreksfirði eða Bíldudal.
 - Reynt verði að auglýsa aftur eftir dagforeldrum á Barðaströnd til að koma til móts við þörfina fyrir leikskóladeildina þar til ákvörðun verði tekin um framtíðartilhögun.
 - Börn á leikskólaaldri verða 6 árin 2026 og 2027
- Viðhald á Örylgshöfn – grjóthreinsa og setja nýjan kant í samræmi við tillögur í samgönguáætlun eins og lagt er til í bókun heimastjórnar.
 - Huga þarf vel að dýpkun við kantinn í samráði við landeigendur.
- Viðhald á Birkimel
 - Klára að mála eystri hlið hússins.
 - Ganga frá kantinum undir nýju múrhúðinni.
 - Bæta lýsingu utandyra.
- Leiksvæði – Birkimel
 - Endurnýja og fjölga leiktækjum.
 - Skipta um gúmmí/fylliefni á sparkvöllur.
 - Huga að svæði fyrir ærslabelg sem verið er að safna fyrir.
- Snjómokstur heimreiða fyrir eldri borgara og fatlaða gegn vægri greiðslu, til að auðvelda þeim að búa lengur heima hjá sér. Gefinn væri möguleiki á að aðrir íbúar gætu nýtt sér þessa þjónustu.
- Akstursþjónusta fyrir eldri borgara og fatlaða

- Hægt yrði að panta skútl með einhverjum fyrirvara til ferða innan sveitarfélagsins gegn vægri greiðslu.
- Mokstur í dreifbýli þar sem Vegagerðin er ekki með vetrarþjónustu. Rauðasandur, Breiðavík og Hænuvík og víðar í sveitarfélaginu.
 - Tryggja að fjármagn sé til moksturs að lágmarki tvisvar í viku að öllum bæjum með fasta búsetu.
- Heildarhönnun við Brjánslækjarhöfn þar sem þetta er fjölfarið hlið inn á svæðið. Leita þarf samstarfs við Vegagerð og Ferjuleiðir ehf til að bæta aðstöðuna, upplýsingagjöf og upplifun þeirra sem koma og fara með ferjunni. Æskilegt væri að sækja aftur um þetta verkefni í Framkvæmdasjóð ferðamanna.
 - Salerni
 - Upplýsingamiðstöð
 - Betri skilti, jafnvel QR kóði inn á upplýsingasíðu með leiðbeiningum
 - Upplýsingar um sögu svæðisins
 - Merkingar á vegi/bryggjusvæði til að sýna hvar bílar skulu vera staðsettir þegar ekið er inn í ferjuna.
- Akstursstyrkur fyrir börn í dreifbýli svo þau hafi tækifæri til jafns við börn í þéttbýli til íþróttar- og félagsstarfs. Athuga þarf fyrirkomulag á akstri almennt í sveitarfélaginu fyrir félagsstarf ungmenna.
- Efla félagsstarf eldri borgara
 - Hafa það tvisvar í viku, bjóða upp á akstur fyrir þá sem þurfa að komast í félagsstarfið.
 - Bjóða upp á námskeið og fyrirlestra
 - Tryggja aðgengi að hreyfingu svo sem í verkefninu Gott að eldast.
- Starfsmaður í skólabíl
 - Laun fyrir starfsmann sem gætir barna í skólabíl til og frá Barðaströnd. Gera þarf ráð fyrir þeirri ráðningu þar til leikskóladeild verður opnuð á Barðaströnd.
 - Tryggja þarf afleysingu ef starfsmaður er í leyfi.
- Neysluvatn í Birkimel og á Krossholtum – viðhald vatnsveitu og regluleg sýnataka tryggð.
- Fjörusetur á Barðaströnd – leggja vinnu í stefnumörkun og stofnun setursins og áætla kostnað út frá því.
- Snjómokstur heim á hlað fyrir grunnskólabörn
 - Samkvæmt samningi við skólabílstjóra skulu nemendur sóttir og ekið heim á hlað við hvern bæ.
- Huga að afmæli Kleifakarlsins á árinu 2027.